

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um lokun starfsendurhæfingar í Bergiðjunni.

Frá Þuríði Backman.

1. Hverjar eru forsendur fyrirhugaðrar lokunar starfsendurhæfingar í Bergiðjunni?
2. Hver er áætlaður sparnaður Landspítala við lokunina?
3. Hefur verið haft samráð við starfsmenn og þá sem eru í starfsendurhæfingu vegna fyrirhugaðrar lokunar?
4. Hafa öllum verið tryggð önnur störf við hæfi og ef svo er, hvaða störf og á hvaða sviðum?
5. Hvað geta margir sótt daglega starfsendurhæfingu í Bergiðjunni?
6. Hefur ráðherra haft samráð við félags- og tryggingamálaráðherra og/eða Reykjavíkurborg um hugsanlega yfirtöku á rekstri Bergiðjunnar fyrir verndaðan vinnustað handa einstaklingum sem eiga erfitt með að stunda vinnu á almennum vinnumarkaði, sbr. Plastiðjuna – Iðjulund á Akureyri?
7. Hvað bíða margir eftir starfsendurhæfingu sakir örorku eða sjúkdóma?
8. Hvaða úrræði bjóðast fólki sem bíður eftir starfsendurhæfingu?
9. Hver er fagleg stefna Landspítala í endurhæfingu sjúklinga á geðsviði spítalans
 - a. inni á geðdeildum spítalans,
 - b. eftir útskrift,
 - c. hvernig er þeirri stefnu fylgt eftir?
10. Verður húsnæði Bergiðjunnar nýtt undir starfsemi á vegum Landspítala eða verður það selt eða leigt?

Skriflegt svar óskast.